

Yrki af Japanskvist *Spiraea japonica* í safni Yndisgróðurs á Reykjum



Mikið úrval er af skráðum ykjum af Japanskvisti á markaðinum og er t.d. gróflega áætla að þau séu um 60 í Bretlandi. Einungis lítill hluti af þessum ykjum hefur verið reyndur hérlandis og enn færri eru á almennum markaði. Í safni Yndisgróðurs eru 17 yki sem hafa verið í reynslu á Reykjum en færri á öðrum stöðum.

Hér verður fjallað um öll þau yrki sem hafa verið í ræktun í safna og tilraunagörðum Yndisgróðurs.

Lagt verður mat á gildi þessara yrkja í ræktun hérlandis út frá útliti og harðgerði. Matið byggir á þriðrum plantnanna í görðum Yndisgróðurs frá 2007 og í þeim tilfellum þar sem yrkin eru ekki í ræktun þar á reynslu frá öðrum aðilum svo sem grasagörðum og víðar. Mörg yrki urðu fyrir miklu áfalli vorið 2011 sérstaklega á Blönduósi og í Sandgerði, á Reykjum var kal óverulegt.



Safnið á Reykjum 16 ágúst 2011

Það sem lagt er mat á er:

1. vaxtarlag
2. Laufgun
3. Blómgun
4. haustlitir
5. harðgerði og reynsla



Yfirlitsmynd af safninu á Reykjum 1. október 2010

Spiraea japonica 'Eiríkur Rauði' (Yg 113)



Vaxtarlag: Uppréttar greinar, runni 80 - 100 cm hár og breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm í meðalstórum sveipum frá lokum júlí - september, mjög blómsæll.

Laufblöð: Vottar fyrir rauðbrúnum lit í blöðum og greinum.

Haustlitir: Rauðir haustlitir.

Harðgerði: Mjög harðgerður, þrífst á svæði A, B og C. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum, Blönduósi og í Sandgerði. Kól nokkuð mikið vorið 2011 á Blönduósi og í Sandgerði.

Uppruni: Íslenskt yrki úr Laugardalnum frá tímum Eiríks Hjartarsonar þ.e. eldri en 1955, en uppruni óviss.

Annað: Líkist 'Óla' mikið og virðist þeir álíka harðgerðir.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Blönduósi, Sandgerði, Fossvogi, Laugardal, Hvanneyri.

Mat: Mjög harðgerður og blómsæll runni sem ætti að vera í almennri framleiðslu.



Japanskvistur 'Eiríkur Rauði' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Eiríkur Rauði' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Froebelii' (Yg 164)



Vaxtarlag: Upprétt vaxtarlag 50-100 cm. hár og 80-120 cm breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm frá ágúst - september.

Laufblöð: Áberandi rauðbrún blöð og greinar á vorin.

Haustlitir: Skærgulur

Harðgerði: Meðal harðgerður, getur kalið og blómstrað seint. Þrífst á skýldari stöðum á svæði A og B. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum, en kalið mjög mikið á Blönduósi og í Sandgerði.

Uppruni: Gamalt yrki frá Froebell í Zurich, þekkt frá því fyrir árið 1894.

Annað: Er erlendis talinn þurrrkþolnari yrki en flest önnur.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Blönduósi.

Mat: Of seinn í blóma á kaldari svæðum, hefur lítillega rauðari blóm og leggi en Eiríkur rauði.



Japanskvistur 'Froebelii' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Froebelii' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Lily' (Yg 216)



Vaxtarlag: Upprétt vaxtarlag 70-80 cm. hár og 60-70 cm breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm frá lokum júlí - september.

Laufblöð: Vottar fyrir rauðbrúnum lit í blöðum og greinum.

Haustlitir: Hárauðir til dökkrauðir.

Harðgerði: Meðal harðgerður, getur kalið og blómstrað seint. Þrífst á svæði A, B og C. Hefur þrífist vel í Yndisgarðinum á Reykjum, Blönduósi og í Sandgerði

Uppruni: Blendingur fundinn í garðplöntustöð Wickmans 1979-80. Finnisk yrki.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Fossvogi.

Mat: Mjög harðgerður og blómsæll runni sem líkist mjög Eiríki rauða og Óla, en virðist fá haustliti fyrr en þeir.



Japanskvistur 'Lily' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Lily' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Little Princess' (Yg 218)



Vaxtarlag: Þétt og þúfumyndandi vaxtarlag 50-80 cm. hátt og 80-100 cm breitt.

Blómgun: Bleik blóm í litlum sveipum frá lokum júlí til september. Mjög blómsælt yrki.

Laufblöð: laufblöð og greinar ljósgræn.

Haustlitir: Gulur

Harðgerði: Harðgerð og duglegt planta. Þrífst á svæði A, B og C. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum og nokkuð vel á Blönduósi og í Sandgerði. Kól nokkuð mikið vorið 2011 á Blönduósi.

Uppruni: Hugsanlega frá Englandi, L.R. Russell Ltd. Windlesham fyrir 1953. Ekki er öruggt að íslenskar plöntur séu af réttum uppruna.

Annað: Plönturnar á Reykjum virðast vera af tveimur gerðum, og má sjá það vel á mynd sem sýnir haustliti. Líklega er runninn með rauðu haustlitina annað.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Blönduósi, Sandgerði, Fossvogi, Laugardal.

Mat: Mjög harðgerður og blómsæll runni sem ætti að vera í almennri framleiðslu.



Japanskvistur 'Little Princess' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Little Princess' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Manon' (Yg 161)



Vaxtarlag: Hálfkúlulaga kröftugur runni 40 - 50 cm hár og 50-60 cm breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm í meðalstórum sveipum frá lokum júlí - september, mjög blómsæll.

Laufblöð: Vottar fyrir rauðbrúnum lit í blöðum og greinum.

Haustlitir: Var valinn sérstaklega vegna fallegra rauðra haustlita.

Harðgerði: Harðgerður. Þrífst á svæði A, B og C. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum .

Uppruni: Hollenskt yrki frá garðplöntustöðinni Roovershof í Anna Pavlona í Hollandi.

Annað: Líkist 'Eiríki rauða' og 'Óla' nokkuð og virðist álíka harðgerður.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Fossvogi, Laugardal.

Mat: Mjög harðgerður og blómsæll runni en líkist Eiríki rauða mjög mikið.



Japanskvistur 'Manon' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Manon' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Norrbotten' (Yg 220)



Vaxtarlag: Opið og nokkuð ójafnt vaxtarlag 80 - 100 cm hár.

Blómgun: Bleik blóm í stórum opnum sveipum frá lokum júlí - september, í meðallagi blómsæll.

Laufblöð: Vottar fyrir rauðbrúnum lit í blöðum og greinum.

Haustlitir: Var valinn sérstaklega vegna fallegra rauðra haustlita.

Harðgerði: Mjög harðgerður. Þrífst á svæði A, B og C. Hefur þrífist vel í Yndisgarðinum á Reykjum, Blönduósi og í Sandgerði. Kól lítillaga vorið 2011 á Blönduósi, en þó minnst allra japanskvista.

Uppruni: Sænskt/Norskt úrvalsyrki. 'Norrbotten' er valinn í Arboretum Norr í Rödbäckdalen í Norður-Svíþjóð.

Annað: Líkist nokkuð yrkinu 'Odensdala' en vlrðist vera blómsælla.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Blönduósi, Sandgerði, Fossvogi, Laugardal.

Mat: Mjög harðgerður runni og hefur annað vaxtarlag en áður nefndir. Er ekki nægjanlega blómsæll. Ekki ástæða til að vera með í almennri framleiðslu.



Japanskvistur 'Norrbotten' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Norrbotten' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Oddi' (Yg 222)



Vaxtarlag: Harðgerður og kröftugur runni 50-60 cm. hár og 50-80 cm breiður.

Blómgun: Bleik blóm í stórum sveipum frá lokum júlí - september.

Laufblöð: Einkennandi langlensulaga blöð og lengri en hjá flestum öðrum yrkjum. Áberandi rauðbrún blöð og greinar fyrirhluta sumars.

Haustlitir: Skærgulur til appelsínugulur.

Harðgerði: Harðgerður. Þrífst á svæði A, B og á skýldari stöðum í C. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum, en kalið nokkuð á Blönduósi og í Sandgerði. Kól mikið vorið 2011 á Blönduósi og í Sandgerði.

Uppruni: Íslenskt yrki frá Náttuga. Ólafur S. Njáls-son fékk fræ í grasagarði Gautaborgar í september 1985, græðlingar af *Spiraea japonica* frá Nagano Nishidake í 1800 m.h.y.s. í Japan.

Annað: Sker sig frá öðrum yrkjum japanskvista með löngum laufblöðum

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Blönduósi, Sandgerði, Fossvogi.

Mat: Harðgerður og nokkuð blómsæll runni, vaxtarlag og blaðgerð gera hann áhugaverðann.



Japanskvistur 'Oddi' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Oddi' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Odensala' (Yg 285)



Vaxtarlag: Harðgerður og kröftugur runni 80-100 cm. hár. Skríður lítillaga.

Blómgun: Bleik blóm í stórum sveipum frá júlilokum-september.

Laufblöð: Vottar fyrir rauðbrúnum lit í blöðum og greinum.

Haustlitir: Gulir.

Harðgerði: Mjög harðgerður. þrífst á svæði A, B og C. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum.

Uppruni: Úrvalsyrki frá Östersund í Norður Svíþjóð. Plöntur á Reykjum frá MTT í Finnlandi merktar: K-0758

Annað: Líkist nokkuð yrkinu 'Norrbotten'

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum.

Mat: Líkst Norrbotten mikið og blómsrar frekar lítið eins og hann, ekki ástæða til að vera með í framleiðslu.



Japanskvistur 'Odensala' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Odensala' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Óli' (Yg 221)



Vaxtarlag: Uppréttar greinar, runni 80 - 100 cm hár og breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm í meðalstórum sveipum frá lokum júlí - september, mjög blómsæll.

Laufblöð: Vottar fyrir rauðbrúnum lit í blöðum og greinum.

Haustlitir: Rauðir haustlitir.

Harðgerði: Harðgerður. Þrífst á svæði A, B og C. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum, Blönduósi og í Sandgerði. Kól nokkuð mikið vorið 2011 á Blönduósi og í Sandgerði.

Uppruni: Íslenskt yrki úr Nátthaga en uppruni óviss.

Annað: Líkist 'Eiríki Rauða' mikið og virðist álíka harðgerður.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Blönduósi, Sandgerði, Fossvogi.

Mat: Mjög harðgerður og blómsæll runni, líkist Eiríki rauða mjög mikið. Ekki ástæða til að vera í almennri framleiðslu, nema í stað Eiríks rauða.



Japanskvistur 'Óli' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Óli' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica TTA-032 (Yg 284)



Vaxtarlag: Uppréttar greinar, runni 80 - 100 cm hár og breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm í meðalstórum sveipum frá lokum júlí - september, mjög blómsæll.

Laufblöð: Vottar fyrir rauðbrúnum lit í blöðum og greinum.

Haustlitir: Rauðir haustlitir.

Harðgerði: Harðgerður. Þrífst á svæði A, engin reynsla annarstaðar. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum en kól þó svolítið vorið 2011.

Uppruni: Finnst yrki frá MTT.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum.


Mat: Virðist ekki skera sig mikið frá mörgum algengum yrkjum svo sem Eiríki rauða og reynsla of litil til að ástæða sé til að mæla með honum.



Japanskvistur TTA-032 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'TTA-032' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Firelight' (Yg 464)



Vaxtarlag: Þéttur þúfumyndandi runni allt að 80 - 100 cm hár og breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm í meðalstórum sveipum frá lokum júlí - september, blómsæll.

Laufblöð: Blöð appelsínugul til koparrauð en verða gul-lari er liður á sumarið.

Haustlitir: Appelsínugul til rauðir haustlitir.

Harðgerði: Nokkuð harðgerður í skjóli. Þrífst á svæði A og B. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum.

Uppruni: Fræplanta af 'Goldflame' valið af Liss Forest Nursery í Englandi árið 1993.

Annað: Er talin betri en 'Goldflame', heldur litnum betur og ekki hafa tilhneigingu til að mynda grænar greinar og blöð.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum.

Mat: Einstaklega fallett gulblaða yrki, vorfallett og blómsæll runni og nokkuð ólíkur algengum gulblaða yrkjum eins og Golden Princess. Ætti að vera í almennri framleiðslu.



Japanskvistur 'Firelight' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Firelight' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Glenroy Gold' (Yg 162)



Vaxtarlag: Þéttur þúfumyndandi runni allt að 60 cm hár og breiður.

Blómgun: Bleik blóm í meðalstórum sveipum frá lokum júlí - september, mjög blómsæll.

Laufblöð: Blöð appelsínugul til rauð en verða gulgræn er líður á sumarið.

Haustlitir: Gulir haustlitir.

Harðgerði: Nokkuð harðgerður í skjóli. Þrífst á svæði A og B. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum. Er síðri en t.d. 'Little princess'

Uppruni: Fræplanta af 'Goldflame'.

Annað: Lítið ræktaður nú í Englandi og er nú mælt fremur með 'Glenroy Goldbun' sem er valinn fræplanta af 'Glenroy Gold' frá árinu 1998 valið af Cliff Dadd í Ballalmeannagh Gardens, Isle of Man.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum.

Mat: Er mjög líkt Golden princess en mun síðra. Ekki ástæða til að vera með í framleiðslu.



Japanskvistur 'Glenroy Gold' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Glenroy Gold' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Gold Flame' (Yg 217)



Vaxtarlag: Uppréttar greinar, runni 80 - 100 cm hár og breiður.

Blómgun: Rauðbleik blóm í meðalstórum sveipum frá lokum júlí - september, mjög blómsæll.

Laufblöð: Blöð appelsínugul til rauð en verða gulgræn er líður á sumarið.

Haustlitir: Appelsínugul til rauðir haustlitir.

Harðgerði: Nokkuð harðgerður í skjóli. Þrifst á svæði A og B. Hefur þrifst vel í Yndisgarðinum á Reykjum.

Uppruni: 'Goldflame' er talinn verða stökkbrigði af 'Anthony Waterer' og var valinn vegna sinna gulu blaða. Er talið vera fyrsta gulblaða yrki af japanskvist frá því um 1970.

Annað: Hefur þann galla að einstaka nýr sproti leitar tilbaka til upprunayrkisins 'Anthony Waterer' og þarf að klippa burt til að það taki ekki yfir. Þetta hefur sýnt sig á Reykjum þar sem ein planta er alveg græn.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Fossvogi.

Mat: Líkist Fire Light nokkuð en mun síðra. Ekki ástæða til að vera með í framleiðslu.



Japanskvistur 'Gold Flame' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Gold Flame' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Gold Mound' (Yg 563)



Vaxtarlag: Þéttur þúfumyndandi runni allt að 60 cm hár og breiður.

Blómgun: Fölbleik blóm í litlum sveipum frá ágúst - september, ekki mjög blómsæll.

Laufblöð: Blöð smágerð skærgul á vorin en verða gulgræn er líður á sumarið.

Haustlitir: Gulur.

Harðgerði: Nokkuð harðgerður. Þrífst á svæði A og B. Var gróðursettur vorið 2011 svo lítil reynsla er komin að svo stöddu.

Uppruni: Er talinn upprunnin frá Kanada um 1990. Yrkið er blendingur milli *S. japonica* var. *alpina* og *S. japonica* 'Goldflame'.

Annað: Getur sviðnað í mjög heitri og sterkri sól. Einnig hefur runninn tilhneigingu til að mynda greinar með grænum blöðum.

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Fossvogi.

Mat: Er nokkuð líkt Golden Princess en mun síðra. Ekki ástæða til að vera með í framleiðslu.



Japanskvistur 'Gold Mound' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Gold Mound' 5. júlí 2011



Spiraea japonica Golden - Mörk (Yg 219)



Vaxtarlag: Þéttur þúfumyndandi runni allt að 60 cm hár og breiður.

Blómgun: Fölbleik blóm í litlum sveipum frá ágúst - september, ekki mjög blómsæll.

Blöð: Blöð smágerð skærgul á vorin en verða gulgræn er líður á sumarið.

Haustlitir: Gulur.

Harðgerði: Nokkuð harðgerður. Þrífst á svæði A og B. Hefur þrífst vel í Yndisgarðinum á Reykjum. Kól lítillega vorið 2011 á Reykjum.

Uppruni: Af innfluttum plöntum og er því erlent yrki. Gæti verið sama og 'Goldmound'

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Fossvogi. |

Mat: Uppruni óviss, líkist Gold Mound og Golden Princess og er síðra en það síðarnefnda. Ekki ástæða til að vera með í framleiðslu.



Japanskvistur 'Golden Mörk' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Golden Mörk' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010

Spiraea japonica 'Golden Princess' (Yg 163)



Vaxtarlag: Hálfkúlulaga smágerður og þéttvaxinn runni 60 cm hár og allt að 120 cm breiður. Greinar rauðbrúnar.

Blöð: Smágert lauf bronsgul á vorin en skærgult að sumri. Bláðlitur heldur sig vel.

Blómgun: Bleik blóm í meðalstórum sveipum frá Júlí/ágúst - september, mjög blómsæll.

Haustlitir: Gulir til appelsínugulir.

Harðgerði: Líklega sá harðgerðasti af gulblaða yrkjum. Þrífst á svæði A, B og C á skjólsælum stöðum. Hefur þrífst vel á Reykjum en kól vorið 2011 nokkuð í Sandgerði og mjög mikið á Blönduósi.

Uppruni: Fannst sem fræplanta af Peter Welch í Englandi og áætlað að vera blendingur milli 'Gold Flame' og 'Little Princess'. Sett á markað af Liss Forest Nursery árið 1985.

Annað: Valinn sem einn af þremur bestu gulblaða Japanskvistum í samanburðartilraun konunglega breska garðyrkjufélagsins RHS árið 2002.

sjá: <http://www.rhs.org.uk/>

Í safni Yndisgróðurs á: Reykjum, Blönduósi, Sandgerði, Fossvogi.

Mat: Besta gulblaða yrkið í sínum flokki, harðgerð og heilbrigt. Ætti að vera í almennri framleiðslu.



Japanskvistur 'Golden Princess' 16. ágúst 2011



Lauf á Japanskvist 'Golden Princess' 5. júlí 2011



Laufgun, mynd er tekin 5. júní 2011



Haustlitir 1. október 2010